

Isavia Innanlandsflugvellir ehf.
Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri
Reykjavíkurflugvelli
102 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2025
Tilv.:23082087 / HH6

Efni: Öryggisráðstafanir vegna áhrifa hindrana (trjágróðurs) á notkun flugbrautar 13/31 á Reykjavíkurflugvelli

Sæl Sigrún Björk,

vísað er til fyrri samskipta Samgöngustofu (SGS), Isavia Innanlandsflugvalla (ISI) og Reykjavíkurborgar um stöðu fráviks D-ISI-2311-161-140-2023-124 sem fjallar um skyldu rekstraraðila flugvallar til að vakta flugvöllinn og umhverfi hans m.t.t. hindrana sem fara upp í hindrana- og hindranavarnarfleti flugvalla.

Í ljósi nýrra mælinga Svarma sem ISI lét gera á hæð trjágróðurs í október sl. og með vísan í þá afstöðu Reykjavíkurborgar að lúta ekki án frekari tafa gildandi skipulagsreglum hvað varðar hæð trjágróðurs, né þeirri mildandi ráðstöfun að tryggja hindranafríá aðflugsfleti (þ.e. *obstacle clearance surface* og *visual segment surface*) þá er það mat SGS að grípa þurfi til tímabundinna ráðstafana til að tryggja viðunandi flugöryggi þar til greitt hefur verið úr málum varðandi hindranir í Öskjuhlíð.

Samgöngustofa vísar til minnisblaðs ISI dagsett 2. september 2024 og upplýsinga sem ISI veittu á fundi þann 4. desember sl. varðandi möguleg úrræði til að uppfylla skilyrði reglugerða sem um flugvöllinn gilda og til að tryggja flugöryggi. Samgöngustofa telur rétt að gerðar verði þær tímabundnu breytingar á notkun flugbrautar 31 til landinga og flugbrautar 13 til flugtaks sem ISI hefur auðkennt sem mögulegt úrræði og kallar eftir því að ISI hefji vinnu við þessa ráðstöfun. Í minnisblaði ISI kemur fram að um tímabundna ráðstöfun yrði að ræða og í því samhengi leggur Samgöngustofa til að lokun brautarinnar verði til þriggja mánaða að lágmarki á meðan unnið er að nauðsynlegum úrbótum til þess að tryggja að skipulagsreglur flugvallarins séu uppfylltar.

Þá telur SGS nauðsynlegt að slökkt verði á PAPI ljósum flugbrautar 31 að næturlagi án frekari tafa. Sú leiðsögn sem ljósin veita er að mati SGS ekki fullnægjandi m.t.t. flugöryggis að næturlagi þar sem hindranir í Öskjuhlíð eru komnar upp í neðri mörk þess ferils sem PAPI-ljósin leiðbeina flugmönnum um í aðflugi að braut 31.

SGS kallar eftir því að ISI geri öryggismat vegna tímabundinnar lokunar flugbrautar 31/13 og að vinna við það hefjist án tafar og að ISI upplýsi SGS eigi síðar en 15. janúar nk. hvenær áætlað er að þessi tímabundna breyting geti verið lögð fyrir SGS til samþykktar og hvenær hún gæti tekið gildi. Vegna PAPI ljósa skal gefa út NOTAM án tafar.

SGS hefur allt frá ársbyrjun 2024 verið í stöðugum samskiptum við Reykjavíkurborg vegna trjágróðurs í Öskjuhlíð sem er hindrun sem brýtur í bága við skipulagsreglur flugvallarins og loftferðalög. Samgöngustofu ber skv. 149. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 skylda til að bregðast við séu skipulagsreglur flugvallar ekki uppfylltar. SGS reynir nú til hlítar að fá Reykjavíkurborg til að uppfylla skipulagsreglur Reykjavíkflugvallar áður en stofnunin grípur til þeirra úrræða sem löggjöfin heimilar. Því telur stofnunin rétt að grípa til framangreindra aðgerða tímabundið.

Ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins skv. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, sbr. 26. og 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Virðingarfyllst,

Hlín Hólm, deildarstjóri flugleiðsögu, flugvalla og flugverndardeildar

Fylgiskjal: Minnisblað Isavia innanlandsflugvalla, dagsett 2. september 2024.

Afrit: Innviðaráðuneyti; Reykjavíkurborg.